

3. stjórnarfundur í stjórnartíð Vesturlands og Vestfjarða í Skógfræðingafélaginu.

Haldinn í síma 09.03.2013 kl. 14.00

Mættir stjórnarmenn eru Lilja, Valdimar og Sighvatur en Sigvaldi var fjarverandi vegna veikinda.

1. Rætt um undirbúning fyrir aðalfund, búið er að fá húsnæði fyrir fundinn á Hallormsstað og séð verður fyrir veitingum. Rætt um reikninga félagsins, gjaldkeri mun sjá um að koma þeim til skoðunarmanna fyrir aðalfund. Formaður fór yfir nokkra punkta sem munu koma fram í skýrslu stjórnar, m.a. að haldnir hafa verið þrír stjórnarfundir að þessum meðtöldum, heimasíðan hafi verið endurophuð, komið á fót ritnefnd og tekið þátt í skrifum í Bændablaðið með fleirum. Einnig sat stjórnin málþing um gróðurelda í Borgarnesi í janúar og í framhaldi af því kom fram sú hugmynd að félagið stæði að umræðufundi um varnir gegn gróðureldum í samstarfi við Norðurlandsskóga. Skrifaðar voru umsagnir um frumvarp til náttúruverndarlaga, fyrst um drögin í haust og síðan um frumvarpið í febrúar auk þess sem stjórn SFFÍ óskaði eftir og fékk fund með umhverfis- og samgöngunefnd til að ræða sjónarmið okkar. Valdimar mætti á fundinn fyrir hönd stjórnar. Formaður sendi tölvupóst til allra nemenda í skógfræði við LbhÍ og vakti athygli á félaginu og bauð nemendum aukaaðild að því meðan þeir væru í námi. Alls hafa um 8-10 nemendur óskað eftir aukaaðild af þeim sem eru í námi um þessar mundir. Einnig sagði formaður frá athugun á lögverndun starfsheitisins skógfræðingur og álitni lögfræðings í UAR að til þess þyrfti að koma lagasetning og benti á vinnu við ný skógræktarlög sem stendur yfir í ráðuneytinu.
2. Nefndir félagsins, formaður lagði til að kosið yrði í endurmenntunarnefnd félagsins á aðalfundi og jafnframt að óskað yrði eftir framboðum til endurmenntunarnefndar á aðalfundinum þannig að þeir sem hefðu áhuga á starfi nefndarinnar gætu gefið kost á sér.
3. Vinna stjórnar og félags á næsta ári. Ákveðið var að leggja fram tillögu til aðalfundar um að hann feli stjórn að vinna að því að starfsheitið skógfræðingur verði löggilt með tilkomu nýrra skógræktarlaga. Með löggildingu er átt við sambærileg réttindi og felast í starfsheitinu kennari. Tillagan er svohljóðandi:

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn að Hallormsstað 12. mars 2013 samþykkir að fela stjórn félagsins að vinna að löggildingu starfsheitisins skógfræðingur og koma þeirri löggildingu inn í lög um skógrækt sem unnið er að í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um þessar mundir.

Greinargerð: Skógfræðingar hafa með menntun sinni yfirgripsmikla og alhliða þekkingu á skógrækt, skipulagi hennar, ræktunarátunum og umsjón. Því er brýnt að tryggt sé að sú þekking nýtist við þær aðstæður þar sem þörf er á svo

sem við skipulagsvinnu í skógræktaráætlunum á öllum stigum skipulags og í annarri vinnu þar sem þörf er talin á aðkomu sérfræðinga í málafloknum.

Ennfremur leggur stjórn SFFÍ til við aðalfund að skorað verði á Alþingi að taka til greina ábendingar frá hinum fjölmörgu aðilum sem sent hafa inn athugasemdir og umsagnir við frumvarp til náttúruverndarlaga og vinna frumvarpið betur í samræmi við þær athugasemdir. Tillagan er svohljóðandi:

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn að Hallormsstað 12. mars 2013 skorar á Alþingi að taka til greina hinar fjölmörgu ábendingar sem komið hafa fram við frumvarp til laga um náttúruvernd, þingskjal nr. 429, og vinna frumvarpið betur í samræmi við þær athugasemdir.

Einnig leggur stjórn SFFÍ til við aðalfund að skorað verði á Umhverfis- og auðlindaráðherra að beita sér fyrir setningu nýrra skógræktarlaga sem allra fyrst og helst áður en gildandi lög ná 60 ára aldri. Tillagan er svohljóðandi:

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn að Hallormsstað 12. mars 2013 skorar á Umhverfis- og auðlindaráðherra að beita sér fyrir setningu nýrra skógræktarlaga sem allra fyrst. Mjög brýnt er að sem allra fyrst verði sett lög um skógrækt og taki þau til nýrra aðstæðna í greininni, jafnt ræktunarlega og atvinnulega séð.

Greinargerð með tillögunni: Starfshópur á vegum ráðuneytisins skilaði af sér greinargerð með tillögum að efni nýrra skógræktarlaga síðasta sumar auk þess sem nefnd á vegum ráðuneytisins skilaði af sér skýrslu um skóga á Íslandi, stefnu á 21. öld í janúar síðastliðnum. Núverandi skógræktarlög eru sett árið 1955 og styttest því í 60 ára afmæli þeirra. Það er löngu orðið tímabært að lög um skógrækt á Íslandi verði endurnýjuð í takt við breyttar aðstæður í tímans rás. Umhverfi skógræktar hefur breyst verulega mikið á þessum nærri 60 árum og þörf er orðin á að lagarammi skógræktar fylgi þessum breytingum til að stuðla að áframhaldandi öflugri uppbyggingu skógræktar á Íslandi.

Stjórn SFFÍ hefur einnig á stefnuskrá sinni að stuðla að aukinni, jákvæðri umfjöllun um skógrækt í landinu og vekja athygli á menntun skógfræðinga. Einnig er nauðsynlegt að efla endurmenntun skógfræðinga eins og kostur er. Ákveðið var að stefna að framboði á námskeiðum fyrir skógfræðinga, jafnvel með kostnaðarþátttöku félagsins eftir því sem fjárhagur þess leyfir.

Áhugavert er að standa að málfræði um brunavarnir í skógi með Norðurlandsskógum og mun stjórn SFFÍ hafa það á stefnuskrá sinni að reyna að koma á slíkum fundi á næsta starfsári.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerð ritaði Lilja Magnúsdóttir.